



REGLUGERÐ ÍSÍ UM AUGLÝSINGAR

1. grein

Auglýsingar sem varða stjórnsmál eða trúsmál eða sem brjóta í bága við jafnrétti kynjanna eða almennt velsæmi eru ekki leyfilegar.

2. grein

Virða ber almenn landslög sem kveða á um efni auglýsinga eða bann við þeim, sbr. bann við auglýsingum um tóbak og áfengi og lög um samkeppni nr. 8 frá 1993.

3. grein

Við uppsetningu og/eða staðsetningu auglýsinga skal þess ávallt gætt að þær hindri ekki íþróttina eða merkingar keppnisleikvangs, sem við eiga hverju sinni.

4. grein

Þegar sjónvarpað er frá keppni skal taka tillit til sjónarmiða sjónvarps um stærð, gerð og staðsetningu auglýsinga, svo þær hindri ekki eða trúfli útsendingu.

5. grein

Viðkomandi sérsamband eða framkvæmdaraðili keppni getur sett sér nánari reglur sem ákveða fjölda, staðsetningu og/eða gerð auglýsinga enda brjóti það ekki í bága við reglugerð þessa að öðru leyti.

6. grein

Komi upp ágreiningur eða vafi um túlkun og framkvæmd þessarar reglugerðar skal skjóta honum til sérstakrar nefndar, sem skipuð skal forseta ÍSÍ, form. viðkomandi sérsambands og form. íþróttabandalags / héraðssambands þar sem íþróttamannvirki (auglýsing) er.

7. grein

Úrskurður nefndarinnar er endanlegur, nema ef málið varðar landslög. Þá skal úrskurðurinn standa þar til almennur dómstóll kveður upp annan dóm ef og þegar ágreiningur fær slíka málsmeðferð.

8. grein

Þessar reglur gilda um íþróttamannvirki þegar íþróttastarfsemi samkvæmt íþróttalögum og á vegum sambandsaðila ÍSÍ fer þar fram.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 4. september 1998.